


Tengigjald

-kynning fyrir viðskiptavini

13.06.2024



Áður en við byrjum...

- Fundurinn er tekinn upp
- Um er að ræða drög að tengigjaldi
- Umsagnir eru mikilvægar til þess að skapa sem mest virði
- Að kynningu lokinni verður tími fyrir spurningar og umræður
 - Vinsamlegast réttið upp hönd
 - Sýnum kurteisi og virðingu

Forsendur tengigjalds

- Í raforkulögum, um skyldur flutningsfyrirtækisins:
 - „Tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald samkvæmt ákvæðum í gjaldskrá...”
 - “Krefjast skal greiðslu ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfi veldur auknum tilkostnaði annarra notenda kerfisins...”
- Mikil fjölgun fyrirspurna um tengingu
- Jafnræði og gagnsæi
- Skilvirkni og hagkvæmni
- ROE hefur lagt áherslu á að hefja viðræður við öll sem þess óska, burt séð frá verkefnaproska og að formlegar viðræður hefjist þá með samningi um tengigjald

Tenging við flutningskerfið - ferlið

Fyrirspurn og forathugun

1. Fyrirspurn um tengingu
2. Viðskipta- og kerfisgreining, LN skilar m.a. upplýsingum um:
 - Mögulega tengipunkta
 - Afhendingarspennu
 - Flutningsgetu
 - Áætlaðar dagsetningar tengingar
 - Áætlaðan tengikostnað og kerfisframlag, ef við á.
3. Breytist forsendur skal upplýsa Landsnet og eftir atvikum ný fyrirspurn send
4. Þegar aðilar eru sáttir við drög að tengifyrirkomulagi, kostnaðarskiptingu og önnur atriði er farið í formlegar samningaviðræður

Forathugun er unnin án skuldbindinga af hálfu Landsnets og framkvæmdaraðila að kostnaðarlausu

Formlegar samningarviðræður

1. **Samningur um tengigjald**
2. Gagnaöflun og skjalagerð
3. Frekari viðskipta- og kerfisgreiningar
4. Tengisamningur og/eða ábyrgðir
5. Frumhönnun og undirbúningur
6. Útboð og framkvæmd

- Að halda Landsneti, og þar með viðskiptavinum, skaðlausu vegna vinnu við tengingu nýrra aðila
- Að tenging við flutningskerfið verði sem skilvirkust
- Að tryggja sanngirni, jafnræði og gagnsæi

Samanburður við önnur lönd

- Flest Norðurlöndin rukka tengigjald*.
 - Statnett: frá 13,8-138 m.kr. technical feasibility study fee
 - Svenska kraftnät: 4.5 – 9 m.kr eftir því hvort þurfi að vinna bæði áreiðanleikakönnun og/eða aðeins kerfisgreiningar
 - Energinet: 5,1 m.kr í tengigjald fyrir hefðbundin verkefni
 - Fingrid rukkar ekki tengigjald en setur í hendur viðskiptavina að rannsaka og undirbúa sjálf tengingu
- Einnig er tengigjald á Bretlandseyjum:
 - Eirgrid Írlandi: 1,5-7,3 m.kr
 - National Grid: 5-20 m.kr*
- Eins er forathugun á tengingu ókeypis og án skuldbindinga.

*Skýrsla frá THEMA

Kostnaður Landsnets vegna tengifyrirspruna



- Styttri tengingar en 5 km eru yfirleitt einfaldari.

Tillaga að breytingu á gjaldskránni

- Enn yrðu forathuganir á tengingum ókeypis og án skuldbindingar viðskiptavina og Landsnets.
- Eftir forathugun er samningur um tengigjald undirritaður áður en ráðist er í
 - Viðskipta- og kerfisgreiningar
 - Skjalavinnslu og gagnaöflun
 - Val á meginlínuleið.
- Slíkt gjald yrði ekki endurgreitt þó ekki yrði af tengingu.

Tillaga að breytingu í gjaldskrá

- Annars vegar verður viðskipta- og kerfisgreiningar (sem felur einnig í sér skjalagerð og gagnaöflun) og hins vegar val á meginlínuleið
- Fyrir línuleið yrði rukkað eftir fyrstu 5 km frá tengivirki Landsnets á réttu spennustigi (í beinni loftlínu). Liggi slík leið yfir vötn eða fjöll bætast við kílómetrar miðað við stystu leið fram hjá hindrun

Tengigald:

Stórnotendur

Viðskipta- og kerfispróun	8.200.000 kr
Val á meginlínuleið (>5 km)	1.000.000 kr + 250.000 kr/km

Vinnsluaðilar

Viðskipta- og kerfispróun	6.200.000 kr
Val á meginlínuleið (>5 km)	1.000.000 kr + 250.000 kr/km

Dæmi um tengigjald

- Stórnotandi vill tengjast við flutningskerfið og biður um tengingu upp á 20 MW afl. Nægt rými er fyrir tengingu
- Eftir forathugun er samið um tilhögun tengingar, strenglagningu í næsta tengivirki Landsnets, í 4,5 km fjarlægð og samningur um tengigjald undirritaður.
- Miðað við gjaldskrá væri það 8,2 m.kr fyrir
 - skjalagerð og gagnaöflun
 - viðskipta og kerfisgreininga.
 - Ekki er greitt neitt fyrir val á línuleið.


Annað dæmi um tengigjald

- Vinnsluaðili óskar eftir tengingu við flutningskerfið.
 - 90 MW vinnslu.
 - Safnpunktur er 23 km frá næsta tengivirki Landsnets á 132kV spennu, þverar fjall í beina loftlínu og stysta leið fram hjá er 27 km yfir heiði.
- Eftir forathugun er samið um að Landsnet hanni 3 rofa tengivirki og velja meginlínuleið sem er allavega 27 km.
- Vinnsluaðili greiðir 13,95 m.kr í tengigjald
 - 6,2 m.kr í viðskipta og kerfisgreiningar
 - 7,75 m.kr fyrir val á meginlínuleið.

Ábyrgð eða trygging fyrir áframhaldandi vinnu


- Ef tengisamningur hefur ekki verið undirritaður að loknum viðskipta- og kerfisgreiningum en viðskiptavinur vill halda áfram við undirbúning.
- Þá sérstaklega samið um ábyrgð fyrir frumhönnun og undirbúning verkefnis í viðauka við samning um tengigjald.
- Annars er samið um slíka ábyrgð við undirritun tengisamnings.
- Ábyrgð sem þessi tilheyrir ekki tillögu um tengigjald í flutningsgjaldskrá Landsnets, heldur er eingöngu til upplýsinga um næstu skref í ferlinu við tengingu.

Umfang verkefnis og næstu skref



- Í framhaldi af þessum fundi birtum við kynninguna og uppfærða gjaldskrá á heimasíðu Landsnets og umsagnarferli hefst. Umsagnarferli stendur yfir í átta vikur vegna sumarleyfa.
- Umsagnir ásamt viðbrögðum Landsnets og endurskoðun á gjaldskrá verða birtar á heimasíðu Landsnets og sendar í samþykkt til Raforkueftirlitsins. Áætlað er að þetta verði í september 2024.
- Áætluð gildistaka nýrrar gjaldskrár er 1. janúar 2025.

FYLGSTU MEÐ LANDSNETI Á SAMFÉLAGSMIÐLUM



Takk fyrir!

